



Frístundastyrkir Norðurlands

- Reglur og skilyrði

1. Markmið og tilgangur frístundastyrkja

- Meginmarkmið frístundastyrkja er að öll börn og unglingar í Norðurlandi geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.
- Með frístundastyrknum má greiða að hluta fyrir íþróttta-, lista- og tómstundastarfsemi, á vegum félaga, samtaka og stofnana sem hafa gert samning um endurgreiðslu frístundastyrkja við Norðurland.
- Frístundastyrkurinn eykur jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþróttta-, lista- og tómstundastarfsemi.

2. Skilyrði fyrir veitingu frístundastyrkja

- Að iðkandi/styrkþegi eigi lögheimili í Norðurlandi eða stundi nám í leik-, grunn- og framhaldsskólum í Norðurlandi.
- Að félagið/stofnunin sem nýtur greiðslunnar hafi gert samning um endurgreiðslu frístundastyrkja við Norðurland.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 2 – 18 ára miðað við fæðingarár. (2002 – 2018).
- Að um skipulagt starf/kennslu/þjálfun sé að ræða.
- Að ekki verði óeðlilegar hækkningar á kostnaði við iðkun og æfingagjöldum.
- Styrkur getur aldrei orðið hærrí en þátttöku- eða æfingagjald viðkomandi íþróttta- eða tómstundagreinar.
- Skipulagt frístundastarf þarf að ná yfir 8 vikur að lágmarki til að teljast styrkhæft.

3. Reglur um notkun frístundastyrkja

- Styrkurinn veitir foreldrum og forráðamönnum rétt til að ráðstafa ákveðinni upphæð á ári fyrir hvert barn. Skal sú upphæð ákveðin við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.
- Fyrir árið 2020 er upphæðin kr. 12.000.
- Notkun styrksins fer fram í gegnum rafrænt skráningarkerfi Norðurlands eða viðkomandi félags.
- Með styrknum má greiða fyrir skipulagt frístundastarf hjá félagi/stofnun sem gert hefur samning við sveitarfélagið um notkun frístundastyrkja. Þetta á t.d. við um starfsemi viðurkenndra íþróttafélaga, æskulýðsfélaga, nám við tónlistarskóla og fl. Yfirlit yfir samstarfsfélög og stofnanir má finna á vefsíðu Norðurlands.
- Þegar foreldri eða forráðamaður hefur ráðstafað styrk til félags þá er ekki hægt að endurgreiða eða bakfæra.
- Ráðstöfunarréttur fellur niður uppfylli styrkþegi ekki lengur skilyrði samkvæmt lið 2.

4. Framkvæmd skráningar og uppgjors frístundastyrkja

- Hvert félag/stofnun skal gera samning við Norðurland, ætli það að taka þátt í frístundastyrkjakerfinu.
- Þar kemur fram nafn félags/stofnunar og um hvaða frístundastarf er að ræða.
- Til að taka við frístundastyrk verða félög/stofnanir að hafa rekstur undir eigin kennitölu.

5. Sérstakar aðstæður

Vafamál eru tekin sérstaklega til umfjöllunar hjá Fjölskylduráði Norðurbings.

6. Reglur þessar verða endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir

Næsta endurskoðun skal fara fram eigi síðar en við gerð fjárhagsáætlunar haustið 2020.



Reglur samþykktar á 17.fundi æskulýðs- og menningarnefndar, 9.janúar 2018 .
Reglur staðfestar á fundi sveitarstjórnar 16. janúar 2018.

Reglur uppfærðar og breytt á 18.fundi Fjölskylduráðs Norðurbings 7.janúar 2019 og staðfestar í
sveitarstjórn Norðurbings xx janúar 2019.

Reglur uppfærðar og breytt á 52.fundi Fjölskylduráðs Norðurbings 6.janúar 2020 og staðfestar í
sveitarstjórn Norðurbings 21. janúar 2020.